

Páll Arnór Pálsson hrl
Heiðargerði 33, 108 R.
sími 624-2424
pallap@internet.is

Sveitarstjórn Hornafjarðar
Hafnarbraut 27
780 Höfn

Reykjavík 1. júlí 2019.

Efni:

Aðalskipulag Hornafjarðar breytingartillaga

Mér hafa falið Laufey Lárusdóttir kt 140827-4799, Freysnesi í Öræfum og Anna María Ragnarsdóttir, kt. 090761-4129, sama stað, að gera athugasemdir við tillögu um aðalskipulagsbreytingu á svæði sem kallast Skaftafell III og VI. en á fundi bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 9. maí síðastliðinn var samþykkt að auglýsa tillöguna og gefa íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum færi á að gera athugasemdir við tillöguna allt til dagsins í dag.

Í auglýstri tillögu kemur fram að markmið hennar sé að heimila uppbyggingar gistingar og starfsmannaíbúða og þjónustuhúsa í landi Skaftafells III og IV til þess að auka þjónustu við þann fjölda ferðafólks sem kemur í Öræfin.

Auglýsingin kom umbjóðendum mínum og þorra íbúa í Öræfum í opna skjöldu þar sem ekkert hafði verið til þeirra leitað af hálfu sveitarfélagsins við undirbúning skipulagsbreytingarinnar. Umbj. mínr kölluðu eftir upplýsingum um aðdraganda tillögunar og álitsgerðum. Í ljós kom að haustið 2017 höfðu verið send til sveitarstjórnar athugasemdir frá Landvernd og opinberum stofnunum með fjölpættum athugasemdum. Engu líkara var en vandlega hefði verið gætt að því að halda innansveitarmönnum frá öllum upplýsingum um fyrirhugaðar skipulagstillögur. Að vísu mátti búast við því að eftir landskipti á Skaftafelli II (þar sem Skaftafell III og IV urðu til) myndi koma fram deiliskipulagstillaga af hálfu eigenda hinna nýju útskiptu hluta en breyting á aðalskipulagi kom gjörsamlega á óvart.

Íbúar í Öræfum haf sent til sveitarstjórnar kröftug mótmæli sem að meginhluta til ganga út á gagnrýni á algeran samráðsskort sveitarfélagsins við undirbúning skipulagstillögunnar. Sama má segja um flugvallarhaldarann sem hefur leigt land af umbjóðendum mínum og byggt upp kostnaðarsama aðstöðu skammt frá því svæði sem skipulagstillagan virðist fjalla um.

Breyting á aðalskipulagi varðar umbj. mína og nágranna þeirra miklu þar sem verið er að skipuleggja byggingar og starfsemi á tilteknu svæði innan sveitarinnar. Þetta á aðallega við um starfsmannaíbúðir (hótel?) sem gætu verið á jörðunum í kring.